



## **Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 6. maí 2024 klukkan 18:00.**

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Þormóður Skorri Steingrímsson, Sigrún Valdimarsdóttir, Ívar Hauksson Sigurður Elmar Birgisson, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir, Hákon Leifsson og Einar Gíslason.

### **1. Kosning varaformanns**

Stjórn skiptir með sér verkum. Þormóður Skorri er kosinn varaformaður Fáks.

### **2. Siðareglur stjórnar**

Kynnt eru drög að reglum fyrir stjórnarmenn, hæfi stjórnarmanna og trúnað. Á næsta fundi Fáks verða kynnt drög til samþykktar fyrir stjórn og starfsmenn Fáks.

### **3. Teikning að fyrirhugaðri reiðhöll í Víðidal**

Á síðasta aðalfundi samþykkti fundurinn að veita stjórn heimild til áframhaldandi viðræðna við hóp félagsmanna sem hafa áhuga á að byggja kennslu- og æfingahús við hlið núverandi reiðhallar. Teikna þarf drög að reiðhöllinni og senda erindi til skipulagsfulltrúa Reykjavíkur.

Formanni og varaformanni er falið að halda viðræðum áfram við hópinn.

### **4. Afnotaleyfi**

Fákur og Reykjavíkurborg hafa komist að samkomulagi um afnotaleyfi um land sem félagið notar undir kerrustæði og túnin þar í kring. Einnig tún í kringum Dýraspítalann. Erindið er komið til borgarstjórnar sem mun taka endanlega ákvörðun um málið innan fátíðra vikna.

Fáist afnotaleyfið er það stefna stjórnar að skipuleggja beit fyrir félagsmenn á túnunum sem afnotaleyfið nær til. Mun félagið kynna sér beitarstjórnun hjá öðrum félögum og verða svo unnin drög að skipulagi fyrir Fák.

Þá er það einnig á dagskrá stjórnar að koma betra skipulagi á kerrusvæðið. Þar þyrfti að merkja stæði sem félagsmenn geta keypt og greitt fyrir það árgjald. Setja þyrfti hlið inn á svæðið svo ekki eigi aðrir en þeir sem eiga stæði aðgang að svæðinu.

Vilfríði, Elvari og Ívari er falið að gera drög að skipulagi beitarhólf og kerrusvæðis.

Fyrir Landsmót verður kerrusvæðið tæmt af kerrum og verður það auglýst á heimasíðu Fáks og öðrum samfélagsmiðlum. Allar kerrur verða að vera farnar 20 júní.

### **5. Opinn fundur 15. maí fyrir sjálfboðaliða í Faki og Spretti fyrir Landsmót**

Haldinn verður opinn upplýsinga fundur um Landsmót fyrir félagsmenn í Spretti og Faki í Samskipahöllinni 15. maí næstkomandi. Fundurinn verður auglýstur á heimasíðum félaganna og samfélagsmiðlum.

Framkvæmdastjóri kynnti stjórnarmönnum stuttlega stöðu Landsmóts.



## 6. Uppfæra fjárhagsáætlun Fáks

Framkvæmdarstjóri óskar eftir heimild til að uppfæra fjárhagsáætlun með tilliti til þess að félagið var að kaupa nýja startbása. Stjórn samþykkir uppfærslu á fjárhagsáætlun.

**Fundi slitið 19:15.**

**Fundargerð ritaði Einar Gíslason**